



25. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 14. desember 2001

Dagskrá:

1. Frestun á endurskoðunarákvæði kjarasaminga
2. Gildistaka Evrópureglna
3. Kaupmáttarþróun
4. Tilnefningar í félagsdóm
5. Menntun trúnaðamanna
6. Orlofsmál
7. Önnur mál
8. Tækniháskóli Íslands

1. Frestun á uppsagnarákvæði kjarasaminga

Kynnt var samkomulag sem ASÍ og SA hafa gert, sem frestar endurskoðunarákvæði kjarasamninga fram á vor.

2. Gildistaka Evrópureglna

Lagðar voru fram upplýsingar um gildistöku Evrópureglna, ásamt drögum að samkomulagi við ASÍ þar sem aðildarfélag RSÍ framselja samningsrétt sinn vegna Evrópureglna til ASÍ.

3. Kaupmáttarþróun

Kynnt var skýrsla Kjararanns óknarnefndar um breytingu á mánaðarlaunum iðnaðarmanna fram á þriðja ársfjórðung 2001, þar kom fram að bæta þarf við einum launaflokki í texta RS Í.

4. Tilnefningar í félagsdóm

Tilnefning tveggja fulltrúa í félagsdóm. Tillaga kom um Bjarna Sigfússon og Valgeir Jónasson og var hún samþykkt.

5. Menntun trúnaðamanna.

Fyrir í haust kom fram ósk um að RSÍ stæði að trúnaðarmannanámskeiðum eins og MFA hefur haldið. Gerðar hafa verið áætlanir um námskeið þar sem ýmist starfsmenn RSÍ eða MFA haldi námskeið í húsakynnum RSÍ fyrir okkar trúnaðarmenn ef næg þáttaka fæst. Trúnaðarmenn RSÍ fá námskeiðin án endurgjalds og ferðakostnað greiddan. Aðrir félagsmenn fá námskeiðin án endurgjalds. Þessar áætlanir voru samþykktar.

6. Orlofsmál

Kynntur var auglýsingabæklingur sem sendur verður út, þar eru umsóknir um Spánarhúsin og páskaleigu hér heima auglýstar. Umsóknarfrestur fyrir Spánarhúsin er til 25. janúar en til 28. febrúar fyrir páskaleigu.

7. Önnur mál

Kynnt voru þau þing og ráðstefnur sem RSÍ tekur þátt í á næsta ári. Kynntar voru þær breytingar sem gera átti á stigakerfi Lífiðnar yfir í aldurtengt. Við ítarlega skoðun hefur komið í ljós að sú leið sem áætlað var að fara hefði hallað verulega á stöðu um 30% félagsmanna og því er verið að vinna að öðrum tillögum. Kynnt sameiginleg umsögn RSÍ og SART til Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis vegna löggildingu rafvirkjameistara.

8. Tækniháskóli Ísland

Umræður um Tækniháskóla Íslands.

Haukur Ágústsson.